



Safnaðartíðindi

Seljasóknar

33. ÁRG. 1. TBL. Páskar 2012



Páskablær við kirkjuna okkar

**Takið eftir!
Guðspjónustur í
Seljakirkju í
kyrruviku og um
páska á baksíðu**

Gleðilega páska

Heilagir páskar fara í hönd. Að lokinni kyrruviku, þar sem fjallað er um dauða Jesú Krists, er upprisuhátíðin, þegar þess er minnst sem kristin trú byggist á. Þá boðar kirkjan að Jesús lifir, tekin eru alvarlega þau orð sem lesin eru við heilaga skírni þegar hann segir: „Sjá ég er með yður alla daga“. Allir hátíðisdagar kristinnar trúar eru settir til þess að minna á það sem kristinni manneskju er mikilvægt að vita, muna eftir og rækja. Á þeim

hátíðum skal hver kristin manneskja stunda trú sína með fjölskyldu sinni og öðru fólki og þakka Guði fyrir það sem hann leyfir okkur að þiggja. Til þess eru guðspjónustur kirkjunnar. Þangað ber okkur að koma til að minnst þess sem er mikilvægt og njóta þar með blessunar Guðs. Þá fyrst verður hátíðin raunveruleg hátíð. Sjáumst til að njóta þess.

Valgeir Ástráðsson.



Síðasta barnaguðsþjónusta vetrarins

Lok barnaguðsþjónusta að vori hefur verið notað sem tilefni hátíðar í Seljakirkju. Sú guðsþjónusta verður nú í ár 15. apríl kl. 11.

Að henni lokinni verður svo pylsuveislan rómaða þar sem foreldrarir eru líka velkomnir

Æskulýðsfélagið Sela

Æskulýðsfélagið Sela er ætlað unglingum í 8. - 10. bekkjum grunnskólanna. Þar er fengist við margvísleg viðfangsefni, bæði til fróðleiks, skemmtunar og mannræktar. Meðal annars tók félagið þátt í söfnun hjálparstarfsins fyrir í vetur fyrir þá sem líða skort í Afríku. Auk þess fóru félagar á mót æskulýðsfélaga í Vatnaskógi í febrúar. Aðfaranótt föstudagsins langa mun félagið ásamt öðrum æskulýðsfélögum í Reykjavík taka þátt í vöku þar sem íhugunarefnið er píslarganga Krists. Æskulýðsfélagið mun halda starfsemi sinni gangandi fram í maí, fundir eru alla mánudaga kl. 20 og eru engin þátttöku gjöld.

KFUM & KFUK

Börn í 4. - 7. bekkjum grunnskólanna stendur til boða að taka þátt í KFUM og KFUK starfi kirkjunnar. Þar er boðið upp á fjölbreytt fundaeefni sem hæfir aldrinum. Hefur þátttakan verið með ágætum og glaðir krakkar verið duglegir að sækja kirkjuna sína. Vetrarstarfinu lauk með vorferð félaganna um síðastliðna helgi, KFUK stúlkurnar fóru í Ölver en KFUM drengirnir sóttu Vatnaskóg heim. Var þetta góð ferð og þátttakendur frá Seljakirkju sér og sínum til mikils sóma.



Glöð fermingarborn fyrir fermingarguðsþjónustu 25. mars sl.

Kvöld eldri borgara í apríl og maí

Frá hausti til vors eru samverur eldri borgara, síðasta þriðjudag hvers mánaðar. Samveran hefst kl. 18 með helgistund í kirkjunni. Þá fáum við fyrirlesara, sem flytja fræðandi erindi. Að því loknu eru vönduð tónlistatriði. Loks er farið til safnaðarsalarins og snæddur léttur kvöldverður. Að þessum stundum hefur verið gerður góður rómur, samverurnar ekki að tilefnislausu nefndar menningarsamverur. Síðustu samverurnar til hausts verða 24. apríl og 29. maí. Í apríl verður gestur okkar Sigurbjörg Þrastardóttir, skáld, sem

mun flytja hið talaða orð. Tómas Guðni Eggertsson, tónlistarstjóri kirkjunnar mun annast sjálfur tónlistaratriðin og færa okkur skemmtileg verk á flygil kirkjunnar. Í maí verður samveran sannkölluð vorhátíð. Þá kemur til okkar Hljómskálakvintettinn, hin þekktu úrvalssveit málmblásara úr sinfóníuhljómsveitinni. Það er einstakt lán að fá þá góðu tónlistarmenn til okkar. Væntanlega munu þeir leika m.a. eitthvað af kunnu og vinsælu ættjarðarlögum í hressilegum búningi.

Dagur aldraðra - uppstigningardagur - 17. maí

Sá dagur hefur fengið fastan sess í kirkjum landsins. Þá er eldri borgurum sérstaklega boðið til guðsþjónustunnar. Nú í ár er uppstigningardagur 17. maí. Guðsþjónustan verður kl. 14. Þá mun sr. Gunnar Björnsson prédika og prestar safnaðarins þjóna fyrir altari. Að guðsþjónustunni lokinni verður

boðið til kirkjukaffis í safnaðarsalnum. Umsjón þess verður í höndum Soroptimistaklúbbs Bakka og Selja. Þá gefst gott færi til að spjalla saman og njóta samveru í kirkjunni sinni. Til þessarar guðsþjónustu er að sjálfsögðu allir velkomnir, bæði eldri og yngri.

Hjálpum heima - Páskasöfnun

hjálpastars kirkjunnar

Páskasöfnun Hjálparstarfs kirkjunnar er hafin. Að þessu sinni er safnað fyrir fjölbreyttri aðstoð á Íslandi. Í fyrra hófst sú nýjung að gefa inneignarkort í matvöruverslunum í stað þess að úthluta mat í poka og hefur það reynt mjög vel. Einnig er veitt fjármálaráðgjöf, stuðningur vegna lyfjakostnaðar, skólagöngu, frístunda barna og ungmenna og fleira. Skjólstæðingar eru ánægðir og finnst þeim sýnd meiri virðing, auk þess sem valfrelsi þeirra er virt. Valgreiðslur að upphæð 2.400 krónur verða næstu daga sendar í heimabanka landsmanna, einnig er hægt að gefa framlag á framlag.is, í söfnunarsíma 907 2002 eða leggja inn á söfnunarreikning: 0334-26-886 kt. 450670-0499.

Ný heimasíða prófstdæmisins

Reykjavíkurprófstdæmi eystra nær yfir allar sóknir í austurhluta Reykjavíkur auk allra sókna í Kópavogi. Starfsemi sóknanna og prófstdæmisins er ákaflega fjölbreytt og því var nýlega endurnýjuð heimasíða prófstdæmisins þar sem má finna helstu upplýsingar um starfið í söfnuðum prófstdæmisins. Slóðin er: <http://www.eystra.is>

Heimasíða kirkjunnar

Það má fylgjast með fréttum af starfi kirkjunnar á heimasíðu safnaðarins. Þar er reynt að hafa allar fréttir nýjar þannig að þær gefi góðar upplýsingar um það sem framundan er. Slóðin er: <http://www.seljakirkja.is>

Guðsþjónusta hestafólks 29. apríl

Það er alltaf beðið með eftirvæntingu eftir guðsþjónustunni, þar sem hestafólk flykkist til Seljakirkju. Það er atburður sem vekur víða athygli, enda tilefnið ærið. Þá koma flokkar frá Víðidalnum, Almannadal, Andvaravöllum, Heimsenda, Gustssvæðunum og víðar. Við kirkjuna okkar verður komið fyrir traustu gerði fyrir hrossin. Guðsþjónstan er í umsjá Seljasafnaðar

ásamt hinum vinsæla „Brokk“- kór hestafólks sem stjórnað er af hinum kunna Magnúsi Kjartanssýni. Guðsþjónustan er til þess að syngja saman og gleðjast og það höfum við sannarlega gert á liðnum árum. Að lokinni guðsþjónustu er sest við kirkjukaffi að fornum sið. Til guðsþjónustunnar eru allir velkomnir, hvort sem það er á hesti eða ekki.

Aðalfundur Seljasóknar 6. maí

Aðalsafnaðarfundur Seljasóknar verður haldinn að lokinni guðsþjónustu sunnudaginn 6. maí. Sá fundur er mikilvægur í starfi safnaðarins. Lagðar eru fram skýrslur og reikningar safnaðarins og kosið til ábyrgðarstarfa. Atkvæðisrétt á aðalsafnaðarfundum hefur allt þjóðkirkjufólk, sem býr í Seljahverfinu og er orðið 16 ára. Það

er mikilvægt að þau, sem láta sér safnaðarstarfið varða, taki þátt í fundinum. Sérstaklega þar sem mjög hefur verið þrengt að starfi allra trúfélaga, eins og áður hefur verið skýrt frá í safnaðartíðindum. Lögbundnum gjöldum, sem innheimt eru af sóknarfólki, hefur ekki verið skilað til safnaðanna á þann hátt sem ber. Það m.a. verður rætt á fundinum.

„Gönguguðsþjónustur“ safnaðanna í Breiðholti

Frá upphafi hefur verið náði samstarf safnaðanna við kirkjunnar þrjár í hinu fjölmenna Breiðholtshverfi. Eitt af samstarfsverkefnum hafa verið kvöldgöngur með sameiginlegum guðsþjónustum. Undanfarin ár hefur verið gengið á milli kirknanna. Frætt hefur verið um leiðina og þau mörgu kennileiti sem eru í hverfinu okkar góða. Síðan hefur verið guðsþjónusta í þeirri kirkju sem leiðin endaði við. Margir hafa notið þessara gönguferða og þess að eiga saman helgistundir. Nú í ár verður haldið áfram, en með svoltið breyttu formi. Ekki verður gengið frá einni kirkju til annarrar, heldur verður komið til einnar kirkju, gengið þar um nágrenni, fræðst um

það og komið síðan aftur til sömu kirkju. Það er ákaflega margt, í nánasta umhverfi okkar sem er þess virði að gefa því gaum. Fyrsta gangan verður **3. júní** frá Fella og Hólakirkju og endað þar með guðsþjónustu. **10. júní** verður komið saman við Seljakirkju og að lokinni göngu tekið þátt í guðsþjónustunni þar kl. 20. Síðasta gangan verður **24. júní**, á Jónsmessu, komið saman við Breiðholtskirkju, gengið þaðan og endað með guðsþjónustu. Allar guðsþjónusturnar hefjast kl. 20, og þangað eru allir velkomnir, göngufólk sem aðrir. Gangan við hverja kirkju hefst kl. 19.

Guðsþjónustur í Seljakirkju kyrruviku og páska



1. apríl

pálmasunnudagur

- | | |
|-----------|---|
| kl. 11 | Barnaguðsþjónusta |
| kl. 10:30 | Fermingarguðsþjónusta - Altarisganga
Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar |
| kl. 14 | Fermingarguðsþjónusta - Altarisganga
Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar |

5. apríl

skírdagur

- | | |
|-----------|--|
| kl. 10.30 | Fermingarguðsþjónusta - Altarisganga
Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar |
| kl. 14 | Fermingarguðsþjónusta - Altarisganga
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar |
| kl. 20 | Kvöldguðsþjónusta - Altarisganga
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar |

6. apríl

föstudagurinn langi

- | | |
|--------|---|
| kl. 14 | Guðsþjónusta
Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar
Píslarsagan lesin. Litanían sungin |
|--------|---|

8. apríl

páskadagur

- | | |
|--------|---|
| kl. 8 | Morgunguðsþjónusta
Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar
Trompetleikur: Einar St. Jónsson. |
| kl. 11 | Fjölskylduguðsþjónusta
Umsjón: Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson
Organisti: Anna Margrét Óskarsdóttir |
| kl. 11 | Guðsþjónusta Skógarbæ
Sr. Valgeir Ástráðsson prédikar |

9. apríl

annar páskadagur

- | | |
|--------|--|
| kl. 14 | Fermingarguðsþjónusta - Altarisganga
Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson prédikar |
|--------|--|

Kór Seljakirkju syngur við guðsþjónusturnar
Organisti við guðsþjónusturnar er Tómas Guðni Eggertsson.

Páskaguðspjallið

Mt. 28. 1 - 10

Að liðnum hvíldardegi, þegar lýsti af fyrsta degi vikunnar, komu þær María Magdalena og María hin til að líta á gröfina. Þá varð landskjálfti mikill því engill Drottins sté niður af himni, kom og velti steininum og settist á hann. Hann var sem elding ásýndum og klæðin hvít sem snjór. Varðmennirnir skulfu af hræðslu við hann og urðu sem örendir.

En engillinn mælti við konurnar: „Þið skuluð eigi óttast. Ég veit að þið leitið að Jesú hinum krossfesta. Hann er ekki hér. Hann er upp risinn, eins og hann sagði. Komið og sjáið staðinn þar sem hann lá. Farið í skyndi og segið lærisveinum hans: Hann er upp risinn frá dauðum, hann fer á undan ykkur til Galíleu. Þar munuð þið sjá hann. Þetta hef ég sagt ykkur”. Og þær fóru í skyndi frá gröfinni, með ótta og mikilli gleði, og hlupu að flytja lærisveinum hans boðin. Allt í einu kemur Jesús á móti þeim og segir: „Heilar þið!” En þær komu, féllu fram fyrir honum og föðmuðu fætur hans. Þá segir Jesús við þær: „Óttist ekki, farið og segið bræðrum mínum og systurum að halda til Galíleu. Þar munu þau sjá mig”.



Safnaðartíðindi Seljasóknar
33. árg. 1. tbl. Páskar 2012

Seljakirkja
v/Raufarsel 109 Reykjavík. s: 567 0110
Ritstjórn og ábyrgð: Sr. Valgeir Ástráðsson
Útlitshönnun: Gísli B. Björnsson
Umbrot: Sr. Ólafur Jóhann Borgþórsson
Prentun: Svansprent hf.
Upplag: 3000 eintök.